

Niðurstöður þjóðfunda í landshlutum

Fjármálaráðherra, ráðherra mennta- og menningarmála, góðir fundargestir bæði þeir sem staddir eru hér í salnum á Akureyri og þeir sem fylgjast með okkur á veraldarvefnum. Það er mér sönn ánægja að ávarpa ykkur hér fyrir hönd Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra sem því miður gat ekki verið með okkur hér í dag eins og hún hafði ætlað og ber ég ykkur kærar kveðjur hennar.

Fundurinn í dag markar ákveðin áfangaskil í verkefninu 20/20 Sóknaráætlun. Í dag munum við hlýða á niðurstöður átta þjóðfunda frá jafnmörgum landshlutum sem haldnir voru á tímabilinu janúar til mars.

En áður en lengra er haldið er rétt að rifja upp meginmarkmið þessa verkefnis sem við höfum kallað 20/20 Sóknaráætlun. Samhliða því að ríkisstjórnin hefur unnið hörðum höndum að því reisa við efnahagslífið eftir bankahrunið var með verkefninu 20/20 Sóknaráætlun blásið til sóknar. Fyrsta verkefnið var að skipta landinu upp í sóknarsvæði, svæði sem eru nóg stór til að sameinuð geta þau veitt viðspyrnu, skapað störf og tekið að sér stærri og viðameiri verkefni en annars væri mögulegt. Það er ánægjulegt að fylgjast með því að strax sést árangur af þessari aðgerð en sveitarfélög á Austursvæðinu hafa þegar riðið á vaðið og hafið viðræður um sameiningu allra sveitarfélaganna á svæðinu í eitt.

Næsta verkefni var að sækja sóknarfærin út í hvern landshluta. Leiðarljós okkar í þeirri vinnu var sú staðreynd að endurreisnin byggir ekki eingöngu á því að finna eitthvað nýtt, heldur ekki síður að sjá það sem við eigum, það sem við höfum byggt upp á löngum tíma og hefur reynst okkur vel. Þar fer ekki síst sú reynsla, sýn og þekking sem býr í mannauði þessarar þjóðar. Lýðræðisleg nálgun á verkefnið skiptir okkur öllu máli. Hver landshluti, hvert sveitarfélag, hvert fyrirtæki, hver stofnun og hver fjölskylda og einstaklingur býr yfir sínum sóknarfærum. Það sem við vildum gera er að nálgast þessi sóknarfæri, orða þau og samþætta og loks nýta þau til að blása Íslandi vind í seglin til framtíðar.

Markmið þjóðfundanna var að kalla fram svæðisbundin sóknarfæri sem byggja á sérstöðu og styrkleikum hvers svæðis. Sem lið í undirbúningi fundanna var ráðist í umfangsmikla greiningarvinnu þar sem dregnir voru fram þeir þættir sem mestu ráða um samkeppnishæfni, hagsæld og lífsgæði á hverju svæði og niðurstöðurnar settar fram í vönduðum skýrslum. Þessi greiningarvinna mun nýtast okkur vel í þeim verkefnum sem framundan eru, bæði sem grunnur fyrir forgangsriðun framkvæmda og annarra aðgerða og einnig til að fylgjast með og mæla hvernig okkur miðar áfram á þeirri vegferð okkar að skapa hér samfélag sem mun á ný skipa sér í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og sönnum lífsgæðum.

Framkvæmd þjóðfundanna var þannig að af svæðunum voru boðaðir fulltrúar allra helstu hagsmunaaðila og síðan jafnmargir íbúar sem valdir voru með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Óhætt er að segja að fundirnir hafi heppnast vonum framar, mæting var mjög góð en enginn fékk greitt fyrir þátttöku og vel á annað þúsund manns eyddu heilum laugardegi í þágu verkefnisins og komu margir langt að. Fyrir það ber að þakka. Einnig voru náttúruöflin okkur hliðholl, en veður og eldgos geta auðvitað sett strik í reikninginn þegar fólk er kallað saman af stóru svæði. Á fundunum sátu síðan hagsmunaaðilar og íbúar saman, 8-10 manns á hverju borði, þar sem farið var skipulega í það að safna sóknarfærum, greina sérstöðuna og útfæra nánar.

Það voru landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélög, innan hvers sóknarsvæðis, sem unnu að undirbúningi þjóðfunda í samvinnu við stýrihóp sóknaráætlunar og það eru fulltrúar þessara aðila sem munu kynna niðurstöðurnar hér í dag. Ég vil nota tækifærið og þakka þessum aðilum fyrir það feykilega góða starf sem þeir hafa unnið við undirbúning fundanna og úrvinnslu úr niðurstöðum þeirra. Afurðirnar fáum við að sjá hér í dag, en markmiðið er að samhliða því að það verði til sóknaráætlun fyrir hvert svæði þá verði þær einnig innlegg í sóknaráætlun fyrir Ísland í heild.

En það er mikilvægt að við látum ekki staðar numið hér. Við þurfum að tryggja að opinberir fjármunir, sem þrátt fyrir umfangsmikinn niðurskurð á opinberum útgjöldum eru þó tiltækir, nýtist sem best til að styðja við markvissa uppbyggingu atvinnutækifæra á hverju svæði. Til þess að ná því markmiði okkar þarf að samþætta

áætlanir sem vistaðar eru í hinum ýmsu ráðuneytum og þær niðurstöður sem kynntar verða hér á eftir verða okkur mikilvægt leiðarljós í þeirri vinnu.

Frá upphafi hefur okkur fundist þýðingarmikið að unnið sé að verkefninu á opinn og gegnsæjan hátt og fólk og fyrirtæki, landshlutar og stofnanir geri það að sínu, eignist hlutdeild í því og líti á 20/20 Sóknaráætlun sem sitt verkfæri. Í glænýrri skýrslu sem unnin var á vegum Evrópusambandsins og fjallar um rafræna samkeppnishæfni Evrópuþjóða verum við Íslendingar fyrsta sætið í mörgum mikilvægum þáttum, t.d eru 90% þjóðarinnar reglulegir internetnotendur. Þetta þurfum við að nýta okkur til sóknar og þetta ætlum við líka að nýta okkur í því skyni að vinna þetta verkefni á opinn og gegnsæjan hátt. Við munum í kjölfar þessa fundar opna sérstaka vefsíðu á www.island.is þar sem hægt verður að skoða öll þau sóknarfæri sem sett voru fram á þjóðfundunum þar verður hægt að kjósa með eða á móti og setja inn rök og gagnrök. Með 20/20 Sóknaráætlun viljum við opnara Ísland, við viljum opna á milli áætlana, milli landshluta, milli stofnana, milli ríkis og sveitarfélaga – og freista þess að sameinast í nýrri sýn, nýjum takti og árangursríkum aðferðum sem skila okkur áleiðis til betra samfélags.

En okkur er ekki til setunnar boðið. Hér á eftir munu fulltrúar landshlutasamtaka sveitarfélaga gera grein fyrir helstu niðurstöðum þjóðfunda fyrir svæðin átta. Jafnframt munum við hlíða á innlegg frá þeim Þóroddi Bjarnasyni og Grétari Þór Eyþórssyni prófessorum við Háskólann hér á Akureyri.